

Nd. **438. Frumvarp til laga** [227. mál]

um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

1. málsg. 3. gr. orðist svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Dvalarheimili aldraðra sjómanna var á árinu 1954 heimilað með lögum að stofnsetja og reka happdrætti. Gilti heimild þessi í 10 ár. Hefur heimildin síðan verið framlengd tvívegis um jafnlangan tíma, síðast til ársloka 1984 með lögum nr. 16 1973.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til rekstrar happdrættis verði enn framlengd um 10 ár, þ. e. til ársloka 1994.

Ágóði af happdrættinu rennur lögum samkvæmt í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt er stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna þó að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.